

32 anna, enda séu á þeim skipum eingöngu íslenzkir sjómenn, nema leyfi atvinnu-
13. júní málaráðherra komi til.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að veita sérleyfishafa undanþágu, til ársloka 1939, frá þeim ákvæðum þessarar greinar, er lúta að hagnýtingu beina, kjöts og innyfla, enda getur ráðherra þá sett sérleyfis- hafa frekari skilyrði en greinir í lögum nr. 6 1896, til tryggingar gegn tjóni, er leiða kynni af undanþágu frá hagnýtingu hvalleifanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

33

L Ö G

13. júní

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Á eftir fyrsta máls. 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annara óviðkomandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.